

Leiðréttum misréttið!



Starfsgreinasamband Íslands

1. þing Starfsgreinasambands Íslands

- Ályktun um kjaramál -

Þing Starfsgreinasambands Íslands leggur áherslu á að í komandi kjarasamningum verði samið um launahækkanir sem tryggja launafólki kaupmáttaraukningu, og um leið verði hægt að koma á efnahagslegum stöðugleika.

Þing Starfsgreinasambands Íslands telur afar mikilvægt að stórbæta kjör þeirra sem lægst hafa launin. Slíkt þarf að gera með margþættum aðgerðum í þríhliða samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Leiðréttu þarf misréttið í samfélaginu og ná þarf sátt um að kaupmáttur lægstu launa hækki umtalsvert meira en annarra. Lækka þarf skattbyrgði lágtekjufólks samhliða því þarf að stórefla velferðarkerfið m.a. með því að hækka barnabætur, vaxtabætur og húsaleigubætur. Jafnframt því þurfa ríki og sveitarfélög að draga úr þjónustugjöldum.

Þing Starfsgreinasambands Íslands gerir þá kröfu að samfélagið allt sýni sömu ábyrgð og launafólk hefur verið kafið um. Sömuleiðis að hálauna og stóreignamenn raki ekki til sín öllum þeim verðmætum sem launafólk hefur skapað samfélaginu með vinnu sinni. Launafólk á ekki eitt að bera ábyrgðina á stöðuleikanum.

Þing Starfsgreinasambands Íslands krefst þess að stjórnvöld axli ábyrgð sína á hagstjórninni og komi á efnahagslegum stöðugleika með lágru verðbólgu, hóflegum vöxtum og stöðugum gjaldmiðli.